

Nefndar- og greiningarsvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Búðardal 30.11.2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Vísað er til umsagnarbeðnar nr. 12248 frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sem send var út þann 17.11.2023 vegna Umsögn um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), þingskjal 509, 468. mál.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um gistináttaskatt nr. 87/2011. Þar er m.a. verið að leggja til að gjaldið eigi við um hvern gest í hverri einingu en ekki hverja einingu eða margföld álagning miðað við það sem áður var í lögnum. Meðalgistieining er því að hækka í skattheimtu um 100% með þessari breytingu. Að okkar mati væri eðlilegra ef gistináttaskattur væri hlutfallsgjald af verði fyrir gistinguna. Þannig yrði umhverfisvænsti ferðamátinn, tjaldið samkeppnishæfari og með t.d. 0,5% skatti kæmi margfallt fjármagn vegna ferðamanna, því nánast öll gisting er dýrari en 6000 krónur í dag og þannig væri gjald flestra herra, en gjald tjaldsvæða lægra, enda óhemju munur á ágangi og kolefnisspori þeirra gesta. Ef halda á í krónutölur gistináttaskatts af hverri gistináttaeiningu fyrir hvern dvalargest leggjum við til að gjald fyrir gistiaðstöðu skv. b-lið 3. mgr. (þ.e. tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi) verði 150 kr. eða 50% lægra en fyrir aðra gistiaðstöðu. Það er mikilvægt að ef ekki á að afleggja gistináttaskattinn, að hann renni til ríkissjóðs þar sem hann nýtist svo til uppbyggingar innviða landið um kring sem þjónustar bæði heimamenn og gesti en ekki eingöngu til þeirra sveitarfélaga sem geta boðið mesta gistingu.

Einnig er lagt til í 2. gr. breyting á 3. gr. laganna, að við gistingu til dvalargesta sem eru yngri en 18 ára þurfi ekki að greiða gistináttaskatt. Um leið og við skiljum þá ívilnun sem verið er að veita rekstraraðilum þá bendum við á að þessi liður getur orðið íþyngjandi þar sem skrá þarf sérstaklega aldur allra gesta, sem ekki hefur þurft áður.

Í II. kafla er lögð til breyting á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og að þar bætist við skattskylda fólks sem vinnur hjá föstum starfsstöðvum hérlendis, ekki eingöngu íslenskri starfsemi. Þetta

teljum við vera jákvæða breytingu bæði gagnvart ferðapjónustunni og byggingariðnaði, þar sem komið er í veg fyrir að skúffufyrirtæki taki ágóða af slíku fyrirkomulagi en sleppi við almennar skyldur. Þá fögnum við nýjum tölulíðum 11 og 12 sem lagt er til að bætist við 3. gr. laganna.

Þá lýsir Dalabyggð yfir ánægju með breytinguna sem lögð er til í V. kafla á lögum um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995. Sú breyting er mjög jákvæð fyrir smáframleiðendur. Enda eðlilegt að umhverfi þeirra sem eru að þreifa fyrir sér í framleiðslu og á markaði, sé einfaldara en þeirra stærri, þar sem takmarkanir og skilyrði áfengisframleiðslu eru almennt íþyngjandi.

Einnig er ánægjulegt að sjá framlagða breytingu í VII. kafla á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993 þó leggjum við til að p-liður 1. mgr. 1. tölulíðar. 4. gr. laganna verði í samræmi við b-lið 3. mgr. 1. tölul. 4. gr. og upptalning tækja sem knúin eru rafhreyfli að öllu leyti og því undanþegin vörugjaldi verði: bifhjól, fjórhjól, sexhjól, körtur, golfbifreiðar og beltabifreiðar þ.m.t. vélsleðar. Dalabyggð bendir á að hérna gætu verið tækifæri fyrir frekari ívilnanir í garð landbúnaðar, t.d. með að gæta þess að ökutæki og annar búnaður til landbúnaðarnota séu undanþegin vörugjaldi.

Þá fagnar Dalabyggð því að fella eigi niður gjald í stofnverndarsjóð vegna útflutnings hrossa sbr. X. kafla og breytingu á lögum um útflutning hrossa nr. 27/2011.

Í XI. kafla er lögð fram breyting á búvörulögum nr. 99/1993. Það ríkir skilningur um að verið sé að fresta niðurfellingu greiðslumarks um eitt ár þar sem það er þá í samræmi við samning um starfsskilyrði í sauðfjárrækt. Einnig vill Dalabyggð hvetja stjórnvöld til að setjast að samningaborði vegna búvörusamninga sem fyrst og hefja vinnu við endurskoðun starfsumhverfis landbúnaðarins í heild sinni.

Í XIII. kafla er mælt fyrir breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971 og vitnað til hagkvæmnissjónarmiða. Dalabyggð leggur til að þar verði mælt fyrir um hve leyfileg hámarkslengd „afmarkaðs tíma“ verði.

Björn Bjarki Þorsteinsson

sveitarstjóri